

Föstudagur 16. október 2009

**"Sóprano José Manuel Barroso gerir** ESB og Brusselveldinu engan greiða með því að snúa uppá handleggi smáríkisins Tékklands". Þetta skrifaði blaðið *Wall Street Journal* í gær. Eftir að hafa barið lýðveldi Írlands til að snúa dómi írsku þjóðarinnar niður í duftið fyrir í þessum mánuði, er herra Brussel nú aftur í gangi með ofbeldið við smáríkið Tékkland. Núna hótar Brussel hinu nýja lýðveldi 10 milljón Tékkka öllu illu lúti þeir ekki Brussel-lögmálinu um "algera-samvinnu". Eins og ég hef skrifað áður; að vera smáríki í Evrópusambandinu krefst ekki bara samvinnu, það krefst "algerrar-samvinnu". Forseti Tékklands, Václav Klaus, vill ekki skrifa undir visst plagg frá Brussel. Forsetinn man nefnilega vel hvernig það var að þurfa að hafa gulu Sovésku stjórnuna í rauða fánanum blaktandi við hún opinberra bygginga í heimalandi sínu. Því mun hann og tékkneska þjóðin seint gleyma. Hann hefur þungar áhyggjur af sífelldum og æ meiri samruna ríkja Evrópusambandsins undir stjórn Brussel. Þessi samruni hefur ekkert upplýst lokatakmark svo hann gæti þess vegna haldið áfram í það óendanlega. Þetta plagg verður notað sem nokkurskonar stjórnarská yfir öllum löndum ESB. Skjalið er 400 blaðsíður.



Samkvæmt Brussel stendur ekkert í þessu skjali sem neinn þarf að hafa áhyggjur af. En samt hefur Brussel og allar ríkisstjórnir 26 ESB-landa ekki þorað að spyrja þær fimm hundruð milljón sálar - sem um aldur og æfi munu þurfa að lifa, standa, anda og sitja undir því sem stendur í þessu ómerkilega plaggi - um hvað þeim finnst um innihald þess! Jú, afsakið, sálinnar sem búa í Frakklandi og Hollandi voru fyrir slysi spurðar álits, en þær sögðu strax nei við skjalinu. En það nei var ekki tekið gilt frekar en fyrri daginn þegar þegnarnir lýsa yfir andstöðu við frekari yfirfærslu valds frá þjóðríkjum þeirra og yfir til Brussel.

En nú, sem sagt, er þessi 9-lífa stjórnarskrá Brussel komin aftur á kreik í nýrri kápudruslu. Ákafasti stuðningsmaður hennar er afdalamaðurinn José Manuel Barroso frá einræðisherraríkinu Portúgal. Þessi maður er núna aðalstjórnandi ESB. Hann snýr uppá hendur og fætur smáríkja. Þau stóru klappa honum á öxlina fyrir ómakið. Erindadrengurinn Barroso ofmetnast auðvitað eins og íslenskur banki í *bull market*. Já þetta Evrópusamband er góður félagsskapur fyrir afdalamenn gömlu Evrópu. Tryggðin við gömlu góðu gildi virks einræðis fær hér nýjan farsælan vettvang, því tryggðin við hefðir góðrar virkrar stjórnarandstöðu er ennþá óþekkt hér á meginlandi afdalamanna Mið- og Suður Evrópu. Hér er allt við sama heygardshornið ennþá. Ekkert fleira markvert er héðan úr afdölum Evrópu að fréttu - fyrir en á mánudaginn auðvitað. Ég óska ykkur notarlegrar helgar heima við í lýðveldi Íslands frá 1944 og í landhelgi þess; [WSJ](#) | [Telegraph](#) | [Irish Independent](#)

Fimmtudagur 15. október 2009

## Kosningabátttaka í kosningum til þings Evrópusambandsins í sumar

endaði á 43% þáttöku kjósenda á þessu 500 milljón manna landsvæði embættismanna sambandsins. Þetta er lélegasta kosningabátttaka frá upphafi. Kosningabátttaka í 18 af 27 löndum ESB var undir 50% og í 11 löndum var hún minni en 40%. Aðeins 19,6% íbúa Slóvakíu sáu ástæðu til að reyna að hafa áhrif á gang mála í ESB með því að kjósa. Í Lettlandi var kosningabátttakan svo mikil sem 21%. Aðeins 24,5% íbúa í 38 milljón manna Þjóðríki Póllands notfærðu sér kosningarétt sinn. Í aðeins 4 af 27 löndum ESB var kosningabátttaka yfir 60%. Í Frakklandi kusu um 40% kjósenda. Það er lélegasta kosningabátttaka þar frá upphafi. Um 43% Þjóðverja mættu á kjörstað og köstuðu atkvæði. Það er rétt tæplega lélegasta kosningabátttaka frá upphafi þar í landi. Í Danmörku tókst að hækka kosningabátttöku töluvert með því að láta kjósa samtímis um málefni dönsku konungsfjölskyldunnar, því þá mættu mun fleiri kjósendur á kjörstað en ella hefði orðið.




Úrslit þessara kosninga í öllum 27 löndum ESB voru tekin góð og gild af embættismönnum sambandsins. Embættismenn Evrópusambandsins munu ekki fara fram á nýjar kosningar því það var hvort sem er engin stjórnarandstaða í boði sem hægt var að kasta atkvæði sínu á. Lítið var því í húfi fyrir embættismenn sambandsins hér. Ekkert meira hefði unnist fyrir þá með því að kalla kjósendur á ný inn í kosningabúrin eins og gert var á Írlandi þegar kosið var aftur um hvort færa ætti enn meiri völd yfir til embættismanna ESB í Brussel eða ekki. Þetta gerðist eftir misheppnuð kosningaúrslit þar í landi á síðasta ári. Þá kom "nei" út úr þjóðaratkvæðagreiðslu um nýju stjórnarskrá embættismanna ESB yfir Írum, því urðu Írar að kjósa aftur. Engir embættismenn Evrópusambandsins voru kosnir að þessu sinni og hafa heldur aldrei verið kosnir af neinum neinsstaðar í 27 löndum ESB; [þing ESB](#)



Samkvæmt utanríkisráðherra stjórnvaldaflakksins Samfylkingar á Íslandi, herra Össuri Skarphéðinssyni, er hlutverk Evrópusambandsins þetta: *"Hlutverk Evrópu er að vera hornsteinninn mannréttinda í heiminum og ýta undir stöðuleika, sjálfbær þróun, réttlæti og velmegun um allan heim"*; [Morgunblaðið](#)

Miðvikudagur 14. október 2009

**Gríska ríkið þarf** að herða sig ef það á ekki að lenda í þeirri slæmu stöðu að útgjöld gríska ríkisins til öldrunartengdra bótagreiðslna úr ríkissjóði munu nema 24% af þjóðarframleiðslu landsins árið 2050. Hröð öldrun þjóðfélagsins sökum hrikalega fárra barnseigna í magra áratugi er næsta stóra vandamál sem Grikkland þarf að glíma við ofaní öll önnur vandamál landsins, eins og flest önnur ríki ESB munu einnig þurfa að gera a.m.k. næstu 180 árin. Núna eru þessi útgjöld gríska ríkisins þegar komin í 11,5% sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Skuldir ríkisins eru núna um 100% af þjóðarframleiðslu landsins og það þarf að koma þeim niður í 60% myntbandalags-markið sem fyrst. Fjárlagahalli er yfir 6% og ríkið heldur áfram að auka á hann, Mikill niðurskurður bíður sem aðalverkefni hinnar nýju ríkisstjórnar Grikklands: [Kathimerini](#)



**Hagfræðingurinn Edward Harrison** segir að í stað þess að hjálpa fyrrverandi leppríkjum Sovétríkjanna til að standa á eigin fótum, þá mergsjúgi Vesturlönd efnahag þessara landa og skilji við þau sem nakta og skuldsetta beinagrind eða tóma skel. Hið dapurlaga við ástandið í Lettlandi er að vandamál landsins væri hægt að leysa á einni helgi, þ.e. ef vilji væri fyrir hendi að leysa málin á skynsamlegan hátt. Hér er helgar-uppskrift Edwards:




1. Afnema þarf bindingu myntar Lettlands við evru. Þessi binding virkar eins spennitreyja gullfótar
2. Ekki svara símanum þegar erlendir lánadrottinnar hringja í ríkisstjórnina
3. Lýsið bankana gjaldþrota. Breytið erlendum skuldum þeirra í nýjan eignarhlut og opnið svo þá nýju banka á mánudag - með fullum innistæðutryggingum á innistæðum í eigin fljótandi mynt Lettlands
4. Setjið stýrivexti á 0%. Notið ríkisfjárlög (fiscal policy) til að stýra eftirspurn, þegar áfram er haldið.
5. Veitið ókeypiss heilbrigðisþjónustu til allra sem vilja vinna á lágmarkslaunum í lettneskri mynt eins og gert var í Argentínu eftir að Kirchner forseti hafnaði þar hinum eitraða skulda-endurgreiðslupakka Alþjóða Gjaldeyrissjóðsins.

Full atvinna og hagsæld mun koma mjög fljótt. Númer 5 er lykillinn. Stórbæta þarf atvinnustigið. Tekjur og eftirspurn hagkerfisins munu þá fylgja hratt í kjölfarið og þar á eftir mun lánshæfnismat landsins batna. Lánafyrirgreiðslur munu svo fylgja. Jafnvel bankamaður gæti auðveldlega fundið út úr þessu. Í ágúst mældist 18,3% atvinnuleysi í Lettlandi. Á fyrstu 6 mánuðum ársins hafði hagkerfi landsins dregist saman um hvorki meira né minna en 18,4% frá fyrra ári; [RGE Monitor](#) | blogg síða Edwards; [Credit Writedowns](#) | [tímalína kreppunnar](#)

*Þriðjudagur 13. október 2009*

**Svisslendingurinn Josef Ackermann**, sem er forstjóri Deutsche Bank, kom í gær með dapurlaga spá fyrir horfur evrópska bankageirans. Þessi geiri í Evrópu mun tapa samkeppnishæfni því bæði Bandaríkjamenn og Asíubúar hafa notað kreppuna til að búa til sterkari og traustari bankakerfi heima hjá sér. Hann sagði að bankar Evrópu munu líða mjög mikil töp og þau eigi að mestu leyti eftir að koma fram. Hann fagnaði þó bættum stöðlum á lánatryggingum en sagði jafnframt að þessir nýju staðlar munu þýða lægri hagnað í Evrópu; [Der Spiegel](#)

*Mín skoðun*; hér ber flest að sama brunn: það er slæmt að eiga ekkert heimaland því þá endar flest í hálfum lausnum og málamiðlunum fyrir meðaltalið. Það er ekki að ástæðulausu að fyrirkomulag sjálfstæðra þjóðríkja hefur gefist svona vel. Bankakerfi myntar með 13 ríkisstjórnnum og 13 seðlabönkum mun einungis liggja sem steinn um háls hagvaxtar og velmegunar í öllum 13 löndunum. Því er ég hjartanlega sammála þeirri nýju ályktun Wolfgang Münchau sem hann hefur dregið af samvinnufélagi flaggskips myntbandalags Evrópusambandsins, sjálfri myntinni evru - í ljósi núverandi kreppu og lélegum hagvexti myntbandalagsins og forvera þess síðustu áratugi. Með sameiginlegu myntinni mun



hagsæld og velmegun leggjast af í Evrópusambandinu. Hagvexti og velmegun mun verða fórn að til þess að halda lífi í myntinni. En armæða og fátækt mun þó að lokum leysa myntbandalagið upp. Athugið að Wolfgang Münchau hefur lengi verið einn ákafasti aðdáandi myntbandalags Evrópusambandsins, þ.e. þar til nú: [A crisis wasted](#)

**Joe Stiglitz, eins og** írski hagfræðingurinn David McWilliams kallar hann, var í heimsókn á Írlandi til þess að segja vinum okkar Írum að þeir eigi heima í bananalýðveldi núna. Næstum hvergi annarsstaðar en í bananalýðveldum hefur það viðgengist sem liðið er í evrulandinu Írlandi núna. Þar er látið viðgangast að heilu bankakerfi og skuldbindingum þess við aðra banka og alla viðskiptavinum sé hent yfir á herðar skattgreiðenda í landinu. Þetta sást, að sögn Stiglitz, áður fyrr eingöngu í bananalýðveldum. "Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum að sjá að þetta er ekki aðeins að gerast í bananalýðveldum, heldur einnig í þróuðum ríkjum", sagði Stiglitz. Hann segir ennfremur að um 100 bankar séu fanir á hausinn í Bandaríkjunum og það hafi bara gengið ágætlega því reglum kapítalismans hafi verið fylgt. David McWilliams á erfitt með að kyngja því að Stiglitz skuli líkja aðferðunum á Írlandi við verklag í bananalýðveldum. En þó grunar mig að þetta komi David alls ekki á óvart, því sjálfur hefur hann lýst frati á þessa ríkisvæðingu tapsins og einkavæðingu gróðans. Hann vill fara "Íslensku leiðina", henda evrunni, koma bönkunum á hausinn, taka upp gamla írsku pundið og fella það massíft.



*"He is comparing Nama and what is happening in Ireland – a country with which he is very familiar – to a smash and grab banana republic exercise."*

N.A.M.A er skammstöfun fyrir "ríkiseignaumsýslustofnun Írlands" e. *National Asset Management Agency*. [Þessi stofnun](#) á að halda utanum þær eitruðu eignafærslur sem mygluðu og eiga eftir að mygla í bókum evru-bankakerfis Írlands. Eignafærslur sem ríkisstjórn Írlands ákvað að taka yfir á herðar írsku ríkisins. Þetta gerðist eftir að ríkisstjórn Írlands sá sig nauðbeygða til að gangast í ábyrgð fyrir innistæðum og skuldbindingum nær alls evru-bankakerfis landsins, svo innistæður hinna evruvæðdra banka Írlands myndu ekki flýja landið í leit að betri ríkisábyrgðum í öðrum evrulöndum. Síðasta haust kallaði ég þessa yfirboðsstarfsemi ríkisstjórna á evrusvæðinu fyrir "efnahagslega borgarastyrjöld innan evrusvæðisins". Peningarnir leituðu auðvitað þangað sem best var ríkisábyrgðin. Ríkisstjórnirnar yfirbuðu hverja aðra. Hlutabréfaverð í bönkum og fjármálastofnunum hækkaði og lækkaði í takt við hvað boðið var af ríkisábyrgð í hverju landi.

David McWilliams minnst einnig á verðhjöðnunina á Írlandi og fær út svipaða raunvexti eins og ég skrifaði um í gær. Hann segir raunvexti vera 11,972% á Írlandi sem eru kjálkagapandi háir raunvextir. Hvað varð um hið margrómaða "stöðuga verðlag" og "innri stöðugleika" seðlabanka myntbandalags Evrópusambandsins á Írlandi? Sýnist bankanum verðlag vera stöðugt þegar það er hrunið um 6,5% á 12 mánuðum? Hvað ætlar seðlabankinn að gera í þessum galhoppandi óstöðugleika á Írlandi núna? Ekki neitt. Hann getur nefnilega ekkert gert og Írar sjálfir geta heldur ekkert gert, því þeir hafa enga stjórn á sínum eigin peningamálum. Sú stjórn er alfarið í höndum hjónana herra Þýskalands og frú Frakklands. Er því ekki vel við hæfi að segja hér að seðlabanki myntbandalagsins sé "ónýtur" - og að myntin hans sé "ónýt" líka? Jú það passar ágætlega við á Írlandi. Ónýtur seðlabanki og ónýt mynt fyrir fjóra og hálf milljón Íra. Írland kemst aldrei út úr myntbandalagi evrópusambandsins, hversu heitt sem þeir kunna að óska sér þess í framtíðinni. Það er engin leið til baka út úr evru. Engin leið; [David McWilliams](#) | tengt; [Förum íslensku leiðina, hendum evrunni](#)




*Mánudagur 12. október 2009*

**Eru Vinstri Grænir að yfirgefa "vinstrið"?** Græni flokkur Saar héraðsins í Þýskalandi hefur ákveðið að yfirgefa "vinstrið" og hefja samstarf við *kristilega demókrata* og *frjálsa demókrata*, frekar en að vinna saman með vinstri flokkunum; [Frankfurter Allgemeine](#)


**21 ári eftir** hina frægu [Brügge-ræðu](#) Margaret Thatcher . .

*"We have not successfully rolled back the frontiers of the state in Britain, only to see them re-imposed at a European level with a European super-state exercising a new dominance from Brussels."*



. . virðist leiðtogi breska íhaldsflokksins, David Camreon, reiðubúinn til að feta í fótspor frú Thatcher. Flest bendir til að David Camreon verði næsti forsætisráðherra Bretlands. Hann segir að ef það sé einhver pólitísk stofnun sem þarfnist þess að verða tekin í karphúsið og láta þurfi af miðstýringaráráttu, þá sé það sjálft Evrópusambandið. "Það þarf að gera upp reikningana við ESB. Miðstýring og ógagnsæi eru þar í háseti. Vald ESB ætti að takmarkast við þau vandamál sem það ræður við, eins og til dæmis frjálsa verslun, fátækt og umhverfismál. Á öðrum sviðum þarf að rúlla valdi Brussel til baka til þjóðríkjanna. Fólk sem sér sig sjálft sem framfarasinnað er orðið ástfangið í stofnun sem enginn hefur kosið, enginn getur fjarlæggt og sem hefur ekki skrifað undir ársreikninga sína í heilan áratug." ; [180 gráður](#)

**Langar þig í írskt húsnæðislán í evrum með 9-11% raunvöxtum, til allt að 10 ára? Hagstofa Írlands tilkynnti fyrir helgina um 6,5% ársverðhjöðnun á Írlandi. Húsnæðisliður neysluvísitölunnar á Írlandi er núna kominn í -28,5% á síðasta 12 mánaða tímabili. Raunstýrivextir á Írlandi eru sennilega þeir hæstu í heiminum í dag.**



Bank	APR 2009 (%)	APR 2008 (%)
Bank of Ireland	2.00%	2.00%
Bank of Scotland	2.00%	2.00%
Bank of Wales	2.00%	2.00%
Bank of Cyprus	2.00%	2.00%
Bank of Greece	2.00%	2.00%
Bank of Portugal	2.00%	2.00%
Bank of Spain	2.00%	2.00%
Bank of France	2.00%	2.00%
Bank of Italy	2.00%	2.00%
Bank of Germany	2.00%	2.00%
Bank of Netherlands	2.00%	2.00%
Bank of Belgium	2.00%	2.00%
Bank of Luxembourg	2.00%	2.00%
Bank of Austria	2.00%	2.00%
Bank of Czech Republic	2.00%	2.00%
Bank of Slovakia	2.00%	2.00%
Bank of Hungary	2.00%	2.00%
Bank of Poland	2.00%	2.00%
Bank of Slovenia	2.00%	2.00%
Bank of Estonia	2.00%	2.00%
Bank of Latvia	2.00%	2.00%
Bank of Lithuania	2.00%	2.00%
Bank of Malta	2.00%	2.00%
Bank of Cyprus	2.00%	2.00%
Bank of Greece	2.00%	2.00%
Bank of Portugal	2.00%	2.00%
Bank of Spain	2.00%	2.00%
Bank of France	2.00%	2.00%
Bank of Italy	2.00%	2.00%
Bank of Germany	2.00%	2.00%
Bank of Netherlands	2.00%	2.00%
Bank of Belgium	2.00%	2.00%
Bank of Luxembourg	2.00%	2.00%
Bank of Austria	2.00%	2.00%
Bank of Czech Republic	2.00%	2.00%
Bank of Slovakia	2.00%	2.00%
Bank of Hungary	2.00%	2.00%
Bank of Poland	2.00%	2.00%
Bank of Slovenia	2.00%	2.00%
Bank of Estonia	2.00%	2.00%
Bank of Latvia	2.00%	2.00%
Bank of Lithuania	2.00%	2.00%
Bank of Malta	2.00%	2.00%

Sem sagt, þú kaupir þér hús á Írlandi, það fellur mikið í verði næstu árin, það gera launin þín líka. En á meðan standa húsnæðislánin þín í stað á 11% raunvöxtum. Kaupmáttur þinn rýrnar stanslaust gagnvart þessari sívaxandi greiðslubyrði á meðan

markaðsverð eignarinnar fellur og fellur. Hún verður fljótt óseljanleg fyrir þig á meðan atvinnuleysi nálgast 13% og fer hækkandi. Brátt eru líka hátt í 10% af hagkerfinu horfin. Vextir eru óþarflega háir á Írlandi núna vegna þess að sjálft Írland ræður þar engu um. Því ræður hinsvegar seðlabanki Evrópusambandsins. Hann er því miður ekki á Írlandi heldur í Þýskalandi sem er á meginlandi Evrópu. Írland þarf bráðnauðsynlega á verðbólgu og hagvexti að halda. En vegna aðildar landsins að myntbandalagi Evrópusambandsins getur landið sjálft skaffað sér hvorugt. Því er beðið og beðið. En biðin verður til einskis því Þýskaland mun bráðum hækka stýrivextina og raunvextina enn meira á Írlandi. Stöðugt verðhrun ríkir á Írlandi, en ekki stöðugt verðlag, eins og markmið seðlabanka evrusvæðis er samkæmt heilagri ritningunni. Þetta virkar því allt saman mjög vel. Hér er allt eftir bókinni; [Hagstofa Írlands](#) | [Allied Irish Banks](#)

**Leiðari mánudags:** Það besta sem Samfylkingin hefur að bjóða Íslandi á einum válegustu tímum lýðveldissögunnar, er fullkomlega getulaus forsætisráðherra landsins, fröken Jóhanna Sigurðardóttir. Hvernig skyldi þá restin í Samfylkingunni líta út? Er von að maður spyrji? Allir með sæmilega heyrn geta heyrt hlátrasköllin leka niður allt Downing strætið og alla leið yfir til Brussel, með fastri viðkomu í Amsterdam og fleiri borgum þess evrópska stórhertogadæmis sem Samfylkingin er að reyna að kyssa rassinn á. Þvílík hörmung. Hver gerði Jóhönnu þennan grikk? Hve lengi á íslenska þjóðin að sitja sem smyglvarningur á aftursæti þessarar druslu? Samfylkingin ekur nú um algerlega próflaus, blind og heyrnarlaus með land vort og þjóð sem skiptimynt í pólitískri gíslingu á baksætinu. Hún er að leita að keisaralegum hertoga til að kyssa og þóknast í Brussel. Samfylkingardruslan er því miður sjálfskipt og hefur bara einn gír; Brussel-Drive. Bensínlaus er hún þó vonandi að verða.

**SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA**  
<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>